

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans og heimsbúskapurinn²

Í þessu erindi er einkum fjallað um mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á þróun heimsbúskaparins sem kynnt var í tengslum við ársfund sjóðsins og Alþjóðabankans í lok september sl. Í því kom m.a. fram að hagvöxtur í heiminum verður meiri í ár en hann hefur verið um langt árabil en jafnframt að ýmiss konar ójafnvægi skapi ákveðna óvissu um framvinduna á komandi misserum. Að óbreyttu séu þó horfur á góðum vexti heimsframleiðslunnar á næsta ári.

Í síðustu viku september var haldinn ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans í Prag í Tékklandi. Á ársfundinum liggur jafnan fyrir mat á stöðu og horfum í heimsbúskapnum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn eru systurstofnanir sem settar voru á fót við lok seinni heimsstyrjaldar. Í upphafi voru aðildarþjóðir 45 en þeim fjölgaði með tímanum. Með hruni Sovétríkjanna og stofnun 15 nýrra lýðveldna sem öll hlutu aðild að báðum stofnunum má segja að þær hafi orðið sannkallaðar alheimsstofnanir. Aðildarþjóðir eru nú 182. Á ársfundunum koma jafnan saman fjármálaráðherrar, þróunarmálaráðherrar og seðlabankastjórar aðildarríkjanna. Í tengslum við fundina eru einnig haldnir fundir í áhrifamestu nefndum stofnananna, *International Monetary and Financial Committee* og *Development Committee*, auk fjölda annarra funda ýmissa landahópa og fulltrúa fjármálastofnana. Hinn formlegi ársfundur stendur ekki nema í 2-2½ dag en fundarhaldið allt í vikutíma eða lengur. Ísland hefur átt aðild að báðum stofnunum frá upphafi.

Að afloknum ársfundi sjóðsins og bankans fyrir tveimur árum flutti ég erindi um sama efni og nú. Þá

voru aðstæður frábrugðnar því sem nú er. Skammt var liðið frá því að kreppan reið yfir í Suðaustur- og Austur-Asíu en áhrifa hennar gætti mjög í Rússlandi og ýmsum ríkjum Rómönsku-Ameríku. Skömmu fyrir fundinn 1998 vitnaðist um erfiðleika fjárfestingarsjóðsins *Long Term Capital Management*. Þeir öllu nokkrum stærstu viðskiptabönkum heimsins miklu tapi. Í kjölfarið fylgdi lausafjárkreppa og mikil óvissa á ýmsum mörkuðum, m.a. í Bandaríkjunum, sviptingar urðu á gjaldeyrismörkuðum, svo sem fall Bandaríkjadals um meira en 15% gagnvart japönsku jeni á tveimur til þremur dögum í október 1998, og miklar umræður á alþjóðavettvangi um hvernig komast mætti hjá ástandi eins og upp kom í Asíu á sínum tíma og Mexíkó og fleiri löndum nokkrum árum fyrr. Þessar umræður fóru einkum fram á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en aðrar alþjóðastofnanir komu einnig við sögu.

Athyglin beindist bæði að forvarnaraðgerðum og leiðum til þess að koma með skömmum fyrirvara til hjálpar ríkjum sem verða fyrir alvarlegum áhrifum af völdum fjármálakreppu í öðrum löndum, fjárflotta og þrýstingi á gengi gjaldmiðilsins eða jafnvel falli hans. Asíukreppan leiddi m.a. í ljós mikla bresti í eftirliti með starfi fjármálastofnana í þeim löndum sem lentu í mestum erfiðleikum. Auk þess skorti töluvert á að hægt væri að treysta tölfræðilegum

1. Höfundur er aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands.

2. Að mestu leyti samhljóða erindi sem flutt var á stjórnarfundum Verslunaráðs Íslands 2. október 2000.

upplýsingum sem reglulega voru birtar um mikilvægar stærðir, svo sem gjaldeyrisforða og gjaldeyrisstöðu seðlabanka. Þá hefur athyglin einnig beinst að gengisstefnu almennt og óhætt er að fullyrða að fastgengisstefna sé ekki lengur í tísku nema því aðeins að hún byggist á svokölluðu myntráði og gengið sé fest í lögum gagnvart öðrum gjaldmiðli.

Meðal forvarnaraðgerða má nefna að mjög mikil áhersla hefur verið lögð á að þjóðir bæti kynningu á ýmsu sem varðar mótun efnahagsstefnu og framvindu mikilvægra efnahagsstærða. Fyrir nokkrum árum kom Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn til dæmis á svokölluðum birtingarstaðli efnahagsstærða.³ Aðildarþjóðir geta valið að fylgja honum og þá skuldbinda þær sig til þess að birta upplýsingar um mikilvæga þætti efnahagsmála í tilteknu formi og á fyrirfram ákveðnum og auglýstum dögum. Ísland tók staðalinn upp fyrir nokkrum árum og hér eru birtar tölulegar upplýsingar á grundvelli hans. Fyrir Seðlabankann felur þetta t.d. í sér að á heimasíðu sinni hefur bankinn tilkynnt hvenær ákveðnar upplýsingar eru birtar. Um 50 aðildarríki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa skuldbundið sig til þess að fylgja staðlinum. Fjárfestar sem nýta sér upplýsingar sem falla undir staðalinn eiga að geta treyst því að þær séu réttar og settar fram samkvæmt ákvæðum hans.

Fyrir nokkrum árum setti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reglur um gagnsæi ríkisfjármála og haustið 1999 um gagnsæi peningamála.⁴ Í hvorugu tilviki er um að ræða reglur sem aðildarþjóðirnar eru skyldugar til þess að fara eftir. Þær eru hins vegar eindregið hvattar til þess að tileinka sér reglurnar og sjóðurinn fylgist raunar með því í reglubundnu eftirliti sínu með efnahagsmálum aðildarþjóðanna að hve miklu leyti starfað er í anda reglnanna.

Til viðbótar þessu má nefna að sjóðurinn hefur opnað leið til nær fyrirvaralausrar lánaþyrngreiðslu til ríkja sem verða fyrir skaðlegum efnahagsáhrifum frá öðrum löndum án þess að eigin aðstæður gefi til efni til slíks, þ.e. ef efnahagsmál og efnahagsstefnan eru í aðalatriðum í góðu lagi.

Sjóðurinn hefur einnig beint athygli sinni í mjög auknum mæli að fjármálakerfum aðildarlandanna,

styrk fjármálastofnana og uppbyggingu eftirlits með starfsemi þeirra. Þetta gerir hann með yfirgripsmiklum úttektum á fjármálakerfum og með mati á styrk og getu til þess að mæta ytri áföllum. Mikil áhersla hefur verið lögð á að efla eftirlit með starfsemi fjármálastofnana.

Óvissan sem einkenndi alþjóðleg efnahagsmál og fjármálamarkaði haustið 1998 hvarf á tiltölulega skömmum tíma. Síðan hefur annað verið meira áberandi í alþjóðlegri umfjöllun um efnahagsmál. Þróun efnahagsmála hefur í heildina verið hagstæð síðan þá og ýmsir halda því fram að alvarlegs andvaraleysis sé aftur tekið að gæta vegna þess hve góð framvindan hefur verið. Hættum sem kunnir að grafa um sig sé ekki gefinn nægur gaumur.


Meðal þess sem hæst hefur borið síðustu tvö árin í alþjóðlegri efnahagsframvindu er formleg stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu, áframhaldandi mikill hagvöxtur í Bandaríkjunum, nánast samfelld lækkun evrunnar frá stofnun hennar, gífurlegar hækkanir á olíuverði á undanfögnu einu og hálfu ári og endurreisn efnahagslífs í Asíu.

Sem fyrr segir beinast sjónir að stöðu og horfum í heimsbúskapnum á ársfundum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Nú vöktu að sjálfsögðu sérstaka athygli hækkanir olíuverðs og gengisþróun evrunnar en mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á stöðu og horfum í efnahagsmálum um þessar mundir er í stuttu máli eins og hér verður rakið.

Hagvöxtur í heiminum hefur haldið áfram að eflast í ár og gert er ráð fyrir að heimsframleiðslan vaxi um 4,7% en það er meira en verið hefur um langt ára-

3. Sjá bls. 38-39 í ársskýrslu Seðlabanka Íslands 1999 og vefsíðuna dsbb.imf.org.

4. Sjá grein um reglur um gagnsæi peningamála í ágústhefti *Peningamála* 2000.



bil og umtalsvert meira en undanfarin tvö ár. Þá er eftirtektarvert að hagvöxtur eykst í öllum heimsálfum. Hann er áfram mikill í Bandaríkjunum, vaxandi í Evrópu og Asíu og í Rómönsku-Ameríku verður drjúgur hagvöxtur í ár eftir slakt ár í fyrra. Í Afríku eykst hagvöxtur og í löndum sem hristu af sér hlekki miðstýringar fyrir nokkrum árum verður góður hagvöxtur í ár. Verðbólga hefur einnig vaxið nokkuð.

Við þessi skilyrði hafa seðlabankar víða um heim hækkað vexti. Nefna má t.d. að bandaríski seðlabankinn hefur hækkað vexti sína um 1,75 prósentustig frá miðju síðasta ári og Seðlabanki Evrópu um 2,25 prósentustig frá því síðla árs 1999 þar til snemma í október. Undirliggjandi verðbólga er enn tiltölulega lítil í iðnríkjunum en nokkurra verðbólguáhrifa er tekið að gæta frá hækkuð olúverðs.


Sjóðurinn segir að þrennt hafi einkum haft áhrif á framvinduna á fjármagnsmörkuðum síðastliðið ár. Í fyrsta lagi er sú útbreidda skoðun að á megingjaldmiðilssvæðunum væru ávöxtunarmöguleikar bestir í Bandaríkjunum að teknu tilliti til áhættu, í öðru lagi óvissa um styrk uppsveiflunnar í Evrópu og í þriðja lagi mjög ótryggur efnahagsbati í Japan. Sjóðurinn telur ekki að þetta þrennt útskýri að fullu gjaldeyrisstrauma á milli gjaldmiðilssvæðanna eða breytingar eignaverðs en hafi engu að síður haft töluvert að segja.

Heildarmynd af heimsbúskapnum er því fremur áferðarfallæg. Hins vegar leynast ýmsar hættur í henni. Í fyrsta lagi gætir enn ójafnvægis á ýmsum sviðum. Nefna má ójafnan hagvöxt á þremur helstu gjaldmiðilssvæðunum, ójafnvægi á viðskiptajöfnuði,

þ.e. gríðarmikinn halla í Bandaríkjunum, afgang í Japan og ýmsum öðrum iðnríkjum, ójafnvægi í gengismálum í þeim skilningi að gengi mikilvægra gjaldmiðla er ekki í samræmi við grundvallarefnahagsskilyrði; sérstaklega virðist gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal úr samhengi við efnahagslegar forsendur. Í ljósi mikils viðskiptahalla Bandaríkjanna má draga í efa að gengi dals haldist til lengdar jafnhátt og nú. Að síðustu má nefna mjög hátt verð hlutabréfa í ýmsum löndum, ekki síst í Bandaríkjunum, en það hefur þó lækkað nokkuð að undanförmu.

Í öðru lagi hefur olúverð hækkað meira en nokkur sá fyrir, bæði vegna framboðstakmarkana og mikillar eftirspurnar. Haldist olúverð mjög hátt mun það leiða til minni hagvaxtar og aukinnar verðbólgu. Einkum verða afleiðingarnar afdrifaríkar fyrir fátæk olúinnflutningsríki. Á fundunum í Prag var talið brýnt að draga úr sveiflum í olúverði og að það lækkaði frá því sem það var þá.

Því má bæta við að ýmsar fleiri ástæður kunna að vera fyrir háu olúverði en framleiðslutakmarkanir OPEC. Eftirspurn hefur verið mikil, olúbirgðir í lágmarki, framleiðslugeta OPEC-ríkja og annarra olúframleiðsluríkja mun vera nánast fullnýtt og afkastageta olúhreinsistöðva takmörkuð. Að sjálfsögðu greinir menn á um hve mikið olúverð geti lækkað frá því sem það er nú. Til eru þeir sem halda því fram að það muni lækka á ný undir 20 dali fatið. Aðrir minna á að fyrir tilstilli Sádi-Araba hafi olúverð verið stöðugt um nokkurra ára skeið á bilinu frá 16 til 22 dala fatið, og að það þurfi að verða hærra til þess að tryggja næga fjárfestingu í olúvinnslu. Hugsanlegt væri að nýtt verðbil yrði 22 til 28 dalir þegar til lengri tíma er lítið. Vegna þess að birgðir eru með minnsta móti, flöskuhálsa gætir í olúvinnslu og taugaveiklunar á markaðnum sé líklegt að verð muni sveiflast nokkuð fyrst í stað og jafnvel verða enn hærra á komandi mánuðum. Enda þótt þeirri ákvörðun bandarískra stjórnvalda að nota hluta af öryggisbirgðum sínum til þess að hafa áhrif á olúmarkaðinn væri opinberlega vel tekið heyrðist einnig að öðru fremur væri um sýndargerning að ræða sem aðeins gæti haft áhrif í skamman tíma. Magnið væri svo lítið auk þess sem viðbrögð OPEC við slíkri aðgerð kynnu að verða neikvæð. Hún kynni að tefja fyrir frekari framleiðsluaukningu eða jafnvel leiða til samdráttar í framleiðslunni. Umfram allt var lögð áhersla



á mikilvægi þess að olúútflytjendur og olúinnflytjendur efndu til viðræðna og kæmu sér saman um verð sem báðir gætu sætt sig við til lengdar. Það verð yrði áreiðanlega verulega hærra en það var á fyrri hluta síðasta árs.

Í þriðja lagi er óvíst hve mikið kann að verða nauðsynlegt að herða að í peningamálum í Bandaríkjunum - og jafnvel víðar - til þess að halda verðbólgu tilhneigingum í skefjum.


Í fjórða lagi geta þeir þættir sem þegar hafa verið raktir valdið óvissu og óróa á fjármálamörkuðum. Slíkt gæti leitt til skyndilegra breytinga á flæði fjármagns, m.a. til nýiðnaðarríkja sem treysta á innstreymi fjármagns, bæði til beinna og óbeinna fjárfestinga. Dæmi síðustu ára sem sýna hve skyndilegar breytingar geta orðið eru þörf áminning í þessum efnum.


Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að lítillega dragi úr hagvexti í heiminum á næsta ári, úr 4,7% í ár í 4,2%. Meðal forsendna þeirrar spár er að olúverð verði að meðaltali 25 dalir fatið sem er töluvert lægra en nú. Hærra olúverð leiðir til minni hagvaxtar og lakari útkomu á viðskiptajöfnuði olúinnflutningsríkja. Spáin byggist einnig á því að skipulega og án mikilla sviptinga dragi úr ríkjandi ójafnvægi, þ.e. að hagvöxtur í Bandaríkjunum minnki með áfallalausum hætti (mjúk lending) í það sem betur samrýmist langtímahagvaxtargetu þjóðarbúsins um leið og hagvöxtur í Japan og Evrópu eflist. Einnig er gert ráð fyrir því að gengi mikilvægra gjaldmiðla leiðréttist á hnökralausan hátt og að ekki verði snarpar breytingar á mikilvægum hlutabréfamörkuðum. Ef

væntingar fjárfesta um hagvaxtarhorfur í Bandaríkjunum og um afkomu fyrirtækja þar í landi breytast skyndilega gætu orðið óvæntar og miklar breytingar á hlutabréfamörkuðum. Það myndi gera Bandaríkin síður áhugaverð í augum fjárfesta en nú. Viðskiptahalli Bandaríkjanna er afar mikill og krefst mikils innstreymis fjár. Í ár er gert ráð fyrir að hann verði 420 milljarðar dala sem svarar til rúmlega 4% af landsframleiðslu. Þetta þýðir að Bandaríkjamenn þurfa að reiða sig á mjög mikinn innflutning fjár til þess að fjármagna hallann. Verulegur hluti hallans er fjármagnaður með óbeinum fjárfestingum, þ.e. kaupum útlendinga á bandarískum verðbréfum. Breytist viðhorf þeirra til ávöxtunarmöguleika í Bandaríkjunum geta afleiðingarnar orðið skyndilegar og gengi dals lækkað snöggt gagnvart evru og öðrum gjaldmiðlum. Slíkt gæti síðan leitt til mikils samdráttar í eftirspurn og hagvexti í Bandaríkjunum með áþekktum hliðaráhrifum í öðrum heimshlutum.

Meginhættan sem stöðjar að fjármagnsmörkuðum er því sögð sú að skyndileg og óskipuleg aðlögun verði á öjöfnuðum sem ég hef þegar lýst, sérstaklega ef fjárfestar endurmeta horfur í Bandaríkjunum. Ýmislegt gæti valdið aðlögun af þessu tagi – svo sem óvænt vaxtahækkun í Bandaríkjunum ef illa horfði um verðbólgu - og afleiðingarnar gætu orðið ýmsar. Nefna má verulegar breytingar á bandarískum verðbréfamarkaði, miklar sveiflur í flæði fjármagns á milli landa, breyttar væntingar og aðgerðir á afleiðumörkuðum og miklar sveiflur á gjaldeyrismörkuðum, ekki síst á mörkuðum þar sem tiltölulega lítil viðskipti geta haft mikil áhrif.

Við ríkjandi skilyrði og horfur er ráðgjöf Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sú að Bandaríkin, Japan og Evrópusambandið verði að fylgja ólíkri efnahagsstefnu. Í Bandaríkjunum kunnir sem fyrr segir að þurfa að herða enn frekar að í peningamálum til þess að halda aftur af innlendri eftirspurn og verðbólguþrýstingi og gæta þess að slaka ekki á í ríkisfjármálum. Á evrusvæðinu þurfi að nýta færin sem núverandi uppsveifla gefur til þess að hraða nauðsynlegum umbótum sem leiða munu til meiri hagvaxtargetu til lengri tíma. Peningamálastefnan verði að vera sveigjanleg og peningamálayfirvöld að vera viðbúin því að bregðast við verðbólguþrýstingi og lágu gengi evrunnar annars vegar og hins vegar skyndilegri hækkun á gengi evrunnar sem gæti leitt af endurmati fjárfesta á horfunum í Bandaríkjunum og þar með lækkun á






gengi dalsins. Í Japan er lagt til að peningamálastefnan verði látin hvetja mjög til eftirspurnar þar til ljóst verður að hagvöxtur hefur tekið nægilega vel við sér. Sama gildir um stefnuna í ríkisfjármálum. Margvíslegar frekari umbætur séu einnig nauðsynlegar í efnahagslífinu.

Ástæða er til þess að víkja sérstaklega að evrunni. Hún hefur lækkað mjög mikið frá stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu, alls um tæplega 30% gagnvart Bandaríkjadal þegar hún var lægst. Í ársbyrjun 1999 kostaði ein evra um 81 krónu en nú 73 krónur.⁵ Flestir telja að gengi evrunnar sé lægra en efnahagsskilyrði gefa tilefni til. Erfitt er að finna viðhlítandi skýringar á lækkun evrunnar. Þó blasir við að andhverfan er sterkur dalur og framvinda efnahagsmála í Bandaríkjunum hefur haldið áfram að koma á óvart. Hagvöxtur hefur verið meiri en nokkurn óraði fyrir. Þá hefur vaxtamunur á milli Bandaríkjanna og Evrópu einnig verið Bandaríkjadal í hag. Um þessar mundir eru skammtíma vextir í Bandaríkjunum u.þ.b. 2 prósentustigum hærri en í Myntbandalaginu. Seðlabanki Evrópu er enn að fóta sig og ávinna sér trú og má telja víst að það eigi nokkurn þátt í lágu gengi evrunnar auk þess sem yfirlýsingar stjórnmalaleiðtoga hafa ekki allar hjálpað til. Ýmsum þykir sem ekki gæti nægilegs samræmis í yfirlýsingum leiðtoga Myntbandalagsríkjanna. Aukinn kraftur hefur færst í evrópskt efnahagslíf undanfarin misseri og hagvaxtarmunur á milli Myntbandalagsins og Bandaríkjanna hefur minnkað, að vísu hægar en búist var við vegna áframhaldandi mikils hagvaxtar í

5. 2. október 2000.



Bandaríkjunum. Auk þess er við ýmsan skipulagsvanda að kljást í Evrópu. Íhlutun stærstu seðlabanka heims í seinni hluta september til stuðnings evrunni var almennt fagnað meðal fundarmanna í Prag. Sú skoðun var útbreidd að gengi hennar væri orðið of lágt og það þjónaði hagsmunum stærstu iðnríkjanna að gengi hennar hækkaði. Íhlutun ein og sér breytir ekki miklu um framvinduna - sérstaklega ef henni er ekki fylgt eftir með aðgerðum í peningamálum - nema um leið takist að breyta væntingum fjárfesta. Ekki liggur fyrir hvort aðgerðir seðlabankanna hafi skilað þeim árangri að fjárfestar endurmeti væntingar sínar um gengi evrunnar. Aðrar stuðningsaðgerðir hafa einskorðast við hækkun vaxta Seðlabanka Evrópu 5. október sl. en hún leiddi ekki til hækkunar á gengi evrunnar (raunar lækkaði gengi hennar eftir því sem leið á október). Þess má geta að fulltrúar ýmissa minni ríkja fögnuðu einnig íhlutun seðlabankanna, einkum á þeirri forsendu að ójafnvægi í gengi mikilvægra gjaldmiðla, að ekki væri talað um sveiflur og óvissu sem af því leiðir, ylli marghátuðum vandræðum fyrir minni ríki, efnuð sem miður efnuð.

Rétt er að halda því til haga að lágt gengi evrunnar hefur átt sinn þátt í örvun hagvaxtar í Myntbandalaginu og að þrátt fyrir lækkun hennar hefur tekist að halda verðbólgu í skefjum, þ.e. að tryggja innri stöðugleika evrunnar.

Samkvæmt spám Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verður hagvöxtur meiri í Myntbandalaginu á næsta ári en í Bandaríkjunum. Ég hef áður nefnt að sjóðurinn varar við því að hugsanlegar séu skyndibreytingar á væntingum fjárfesta á Bandaríkjamarkaði og

gætu þær leitt til verulegrar lækkunar á gengi dalsins og þar með hækkunar á gengi evrunnar. Þessu er út af fyrir sig ekki spáð, heldur aðeins vakin athygli á að þetta geti gerst. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að oft verða skyndilegar breytingar og miklar sviptingar á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, breytingar sem enginn getur séð fyrir.

Ég hef einkum fjallað um aðstæður í alþjóðlegum efnahagsmálum en fleira var að sjálfsögðu til umræðu í Prag. Ekki gefst tóm til þess að gera grein fyrir því öllu hér. Alheimsvæðingin var í sviðsljósinu, bæði á fundunum og á götum Prag og sýndist sitt hverjum. Forsvarsmenn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans lýstu því yfir að mikilvægt markmið stofnananna yrði að tryggja að allir nytu góðs af alheimsvæðingunni, íbúar fátækra ríkja jafnt sem hinna efnadri. Mikið var fjallað um skuldabyrði fátækra ríkja og viðleitni til þess að létta henni af hin-

um fátækustu. Þetta viðfangsefni verður á dagskrá stofnananna beggja á komandi árum enda mikil áhersla á það lögð af hálfu þeirra. Auk þess er mikill þrýstingur á þær af hálfu frjálsra félagasamtaka að taka rösklega til hendi á þessu sviði. Framkvæmdastjórnarskipti urðu í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir á þessu ári og nýi framkvæmdastjórinn segir sjóðinn hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna í fátækustu aðildarríkjunum. Þau verða því áfram áberandi í starfi sjóðsins auk hinna hefðbundnu verkefna að varða eftirlit með efnahagsframvindu – eða yfirsýn yfir hana – í einstökum aðildarríkjum og heiminum öllum, ástand fjármagnsmarkaða og aðra þætti sem tengjast stöðugu efnahagslífi.

Meginheimild: International Monetary Fund: World Economic Outlook, September 2000. Sjá einnig grein eftir Arnór Sighvatsson um alþjóðleg efnahagsmál í ágústhefti *Peningamála* 2000.